

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

8. febrúar 2013
Tilvísun: 2013010298/10.4

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, 504. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 28. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, 504. mál.

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tilskipun 2010/73/ESB, sem breytir tilskipun 2003/71/EB um lýsingar sem birta skal við almennt útboð verðbréfa og töku verðbréfa til viðskipta (lýsingartilskipunin) og tilskipun 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað (gagnsæistilskipunin), og átti Fjármálaeftirlitið nokkra aðkomu að samningu frumvarpsins og styður framgang þess.

Fjármálaeftirlitið gerir eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins

Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að 48. gr. laganna falli brott. Fjármálaeftirlitið bendir á að enn standi á tveimur stöðum í lögnum tilvísun til 48. gr. laganna, annars vegar í 2. mgr. 3. gr. og hins vegar í 2. mgr. 77. gr. laganna.

- Í 2. mgr. 3. gr. laganna er kveðið á um að Ísland sé heimaríki útgefanda með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi er útgefandi hlutabréfa, eða skuldabréfa þar sem nafnverð eininga skuldabréfanna er lægri fjárhæð en 92.400 kr., viðkomandi verðbréf hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og útgefanda ber skylda til að senda árlega skýrslu vegna útgáfunnar til Fjármálaeftirlitsins, sbr. 48. gr.

Fjármálaeftirlitið bendir á að nauðsynlegt er að uppfæra 2. mgr. 3. gr. laganna með hlíðsjón af 6. gr. frumvarpsins og fella brott tilvísun í 48. gr. laganna. Í stað tilvísunar í 48. gr. laganna þarf nú að taka upp skilgreiningu á heimaríki eins og hún birtist í 2. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 242/2006, um almenn útboð verðbréfa að verðmæti 210 milljónir kr. eða meira og skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað, sbr. annar undirliður (i) liðar 1. liðar 2. gr. tilskipunar 2010/73/ESB.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

- Í 2. mgr. 77. gr. laganna er kveðið á um að ákvæði þessa kafla gildi einnig um hluti í útgefendum með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem gefa út hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, ef viðkomandi útgefanda ber skylda til að senda árlega skýrslu vegna hlutabréfanna til Fjármálaeftirlitsins skv. 48. gr. laganna.

Með hliðsjón af því að 48. gr. laganna er felld brott er lögð til eftirfarandi breyting á 2. mgr. 77. gr. laganna:

Ákvæði kafla þessa gilda einnig um hluti í útgefendum með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem gefa út hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og hafa Ísland sem heimaríki.

Athugasemdir við 7. gr. frumvarpsins

Í d. lið 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um að við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málslíður. Hér leggur Fjármálaeftirlitið til að í stað þess að við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málslíður þá verði bætt við nýrri málsgrein á eftir 1. mgr.

Einnig vill Fjármálaeftirlitið benda á nokkur atriði í athugasemdum við frumvarpið sem eru villandi:

- Í inngangi að athugasemdum við frumvarpið, í 3. mgr. er talað um að lýsingartilskipunin hafi verið tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2012 hinn 28. september 2012. Fjármálaeftirlitið bendir á rétt sé að tala um að tilskipun 2010/73/ESB, sem breytir lýsingartilskipuninni 2003/71/EB um lýsingar sem birta skal við almennt útboð verðbréfa og töku verðbréfa til viðskipta og gagnsæistilskipuninni 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað hafi verið tekin upp í EES-samninginn.
- Þá segir í umfjöllun um meginefni frumvarpsins þar sem farið er yfir helstu breytingar sem lagðar eru til í tengslum við þröskuld á heildarfjárhæð að "útboðskaflinn í lögum um verðbréfaviðskipti muni ekki taka til almennra útboða verðbréfa og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði sem eru undir 5.000.000 EUR..." Fjármálaeftirlitið bendir á að rétt væri að sleppa "og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði", þar sem framangreint á einungis við um útboð, sbr. 7. tölul. 2. mgr. 42. gr. laganna.
- Einnig segir í umfjöllun um meginefni frumvarpsins, þar sem farið er yfir helstu breytingar sem lagðar eru til í tengslum við breytingar á undanþágum frá gerð lýsinga, "að auki eru víkkaðar út undanþágur frá skyldunni til að gefa út lýsingu í tengslum við almenn útboð verðbréfa og töku verðbréfa til viðskipta af ákveðnum gerðum." Fjármálaeftirlitið bendir á að rétt væri að sleppa "og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði", þar sem framangreint á einungis við um almenn útboð, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 50. gr. laganna.
- Fjármálaeftirlitið bendir á að í umfjöllun um meginefni frumvarpsins, þar sem farið er yfir helstu breytingar sem lagðar eru til í tengslum við skilgreiningu á hæfum fjárfesti, vanti hugtakið "viðurkenndir gagnaðilar", sbr. a. liður 2. gr. frumvarpsins.
- Í athugasemdum við einstaka greinar þá segir um 1. gr. að miða skuli við að ef heildarfjárhæð útboðsins sé lægri en jafnvirði 5.000.000 evra þá falli það utan gildissviðs kaflans og viðkomandi aðili sé þar með undanþeginn gerð lýsingar, sbr. 7. tölul., sbr. þó 54. gr., og 75.000.000 evrur sbr. 8. tölul. sem skal reiknað út miðað við



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni hjá Seðlabanka Íslands.

Af framangreindu mætti ráða að um almenn útboð undir 5.000.000 evra þyrfti ekki að fá staðfesta lýsingu. Því þykir rétt er að geta þess til að taka af allan vafa að um efni lýsinga vegna almennra útboða undir 5.000.000 evra gildir reglugerð, sbr. 12. tölul. 54. gr. laganna samkvæmt 10. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Berglind Helga Jónsdóttir
Berglind Helga Jónsdóttir